

## BRÁÐABIRGÐALÖG

57

23. júlí

um að kjörskrá sú, er samin var í febrúar 1955, skuli gilda við bæjarstjórnarkosningar í Kópavogskaupstað 2. október 1955.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að hann hafi ákveðið að bæjarstjórnarkosningar í Kópavogskaupstað skuli, samkvæmt ákvæðum laga nr. 30 11. maí 1955, fram fara 2. október 1955. Nú sé því svo varið, að 11. grein laga nr. 81 23. júní 1936 um sveitarstjórnarkosningar, geri ráð fyrir því, að kjörskrár skulu samdar í febrúarmánuði ár hvert, og skuli í kaupstöðum og hreppum, þar sem almennar hreppsnefndarkosningar fara fram í janúarmánuði, gilda frá 24. janúar næsta ár eftir að þær eru samdar til 24. janúar næsta ár þar á eftir. Samkvæmt manntali, gerðu í Kópavogshreppi 1953, hafi þá samtals verið 2723 íbúar í Kópavogshreppi, og um 1350 manns á kjörskrá þeirri, sem hreppsnefnd hafi samið í febrúar 1954. Árið 1954 hafi alls verið 3230 á manntali í Kópavogshreppi og þar af 1608 á kjörskrá þeirri, sem samin hafi verið af hreppsnefnd Kópavogshrepps í febrúarmánuði 1955, en eigi hafi enn legið frammi. Af hinum tilgreindu tölum sé ljóst, að atkvæðisbærum íbúum í Kópavogshreppi hafi á árinu 1954 fjölgað um hartnær 20 af hundraði, þannig, að ekki þyki með tilliti til þess stætt á því að leggja hér kjörskrá samda í febrúar 1954 eftir manntali 1953, til grundvallar fyrirhuguðum bæjarstjórnarkosningum 1955, enda þótt ákvæði 11. greinar sveitarstjórnarkosningarlaga mæli svo fyrir, heldur beri að láta kjörskrá þá, sem semja skyldi í febrúar 1955, gilda við nefndar bæjarstjórnarkosningar.

Félagsmálaráðherra telur af þessum ástæðum brýna nauðsyn bera til þess, að með bráðabirgðalögum verði sett sérstök ákvæði um þetta efni.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

## 1. gr.

Kjörskrá sú, sem hreppsnefnd Kópavogshrepps samdi í febrúar 1955, samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 81/1936, skal gilda við bæjarstjórnarkosningar í Kópavogskaupstað, sem fram eiga að fara 2. október 1955.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 23. júlí 1955.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Steingrímur Steinþórsson.*